

Lýðskólinn á Flateyri fagnar breytingartillögu Teits B. Einarssonar og telur hana afar mikilvæga til að festa lýðskólastarf héraendis í sessi, efla og styrkja.

Hér er lagt til að auðvelda ungu fólki aðgengi að lýðskólum héraendis með því að nám við þá verði láns hæft með sama hætti og annað starfsnám. Nám við lýðskóla í dag er kostnaðarsamt og í flestum tilfellum kostað af fjölskyldum nemenda. Ársnám við Lýðskólann á Flateyri kostar þannig með námsgjöldum, húsnæði og upphaldi, tæpar tvær milljónir króna. Markmið frumvarpsins er að auka jafnrétti til náms þannig að öllum gefist kostur á að nema við lýðskóla, óháð efnahag. Lýðskólanám hefur þegar sannað gildi sitt, bæði samfélagslega og fyrir þá einstaklinga sem átt hafa kost á slíku námi.

Frumvarpið, verði það að lögum, mun efla Lýðskólann á Flateyri og ýta undir þau jákvæðu, menntalegu, menningarlegu og samfélagslega áhrif sem skólinn hefur.

Fh Lýðskólans á Flateyri

Runólfur Ágústsson, formaður stjórnar